

# RECARO

## Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMÍÐURINN HF**

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



BLAÐINU ER DREIFT FRÍTT

HVERFISBLAÐIÐ

# Miðborg & Hlíðar

5. TBL ★ 12. ÁRG.

MAÍ 2024



## Listahátíð hefst á laugardag

Listahátíð hefst þann 1. júní og stendur fram til 16. júní. Á opunardaginn birtast sæskrímsli og kynjaverur við höfnina sem sirkushópuinn Hringleikur og leikgervastúdíóið Pilkington Props standa að.

Hringdu núna í síma 511-3101  
Frítt söluverðmat

**101 REYKJAVÍK**  
FASTEIGNASALA

Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • Sími 511 3909 • www.101.is • 101@101.is



**HÚS  
DÝRA  
GARÐUR  
INN**

PARK & ZOO

✓ Smur- og hjólbarðabjónusta  
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA  
- SAMNINGAR  
VIÐ ÖLL HELSTU  
BÍLAUMBOD



**Smurstöðin  
KLÖPP**

Við Vegmúla • Sími 553 0440  
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18  
föstudaga 8-16



**MIÐNÆTUR  
HLAUP  
SUZUKI**  
20. júní 2024



Ellí- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá ÍslandsApóteki

Verið ávallt velkomin

Gott vöruúrval,  
betra aðgengi

ÍslandsApótek  
býður persónulega  
þjónustu og  
hagstæð verð  
á lyfjum og öðrum  
heilsutengdum verðum

OPNUNAR-  
TÍMAR:

Virka dag  
10:00 – 18:00

Laugardaga  
10:00 – 16:00

Sunnudaga  
Lokað



**ÍSLANDS**  
LAUGAVEGI 53b



**APÓTEK**  
S: 414 4646



## Miðborg & Hlíðar

Auglýsingasími 568 8862

Útgefandi: Með oddi og egg  
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík  
Ritstjóri/Framkvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm.)  
Símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is  
Texti: Benóný Ágísson netfang: benaegis@simnet.is  
Texti: Þórður Ingimarsson • thoringimars@gmail.com  
Ljós.: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com  
Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

Auðbrekku 1, 200 Kópavogi

ALÚÐ  
VIRÐING  
TRAUST  
REYNSLA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is



Sverrir Einarsson  
Útfararstjóri  
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason  
Útfararstjóri  
S: 793 4455



Jóhanna  
Eiríksdóttir  
Umsjón útfara



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri  
Umsjón útfara  
S: 862 0537

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is | Dofrahellu 9b, Hafnarfirði | s: 565 5892

## Margs vísari um fangelsismál hérlandis

„Þetta dýpkar þekkingu mína og viðhorf til fangelsismála,“ sagði einn nemenda við viðskipta- og hagfræðibraut við Fjölbrautaskólann við Ármúla í tengslum við heimsókn nemenda í lögfræðiafanga í fangelsið á Hólmsheiði. En í lok vorannarinnar var nemendum í áfanganum boðið, ásamt kennara áfangans, Ragnhildi B. Guðjónsdóttur, í vettvangsheimsókn í fangelsið þar sem nemendurnir urðu margs vísari um fangelsismál hérlandis.

Böðvar Einarsson, staðgengill forstöðumanns, tók einkar vel á móti hópnum og kynnti fyrir þeim starfsemi fangelsisins, sem er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi, með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun styttri fangelsisrefsinga og vararefsinga.

### Fyrsta fangelsið á Íslandi sem byggt er sem fangelsi

Böðvar upplýsti nemendur m.a. um að fangelsið á Hólmsheiði sé fyrsta og eina fangelsið sem byggt er og hannað sem fangelsi á Íslandi en Litla-Hraun var byggt sem heilbrigðisstofnun í upphafi.

Gerður var góður rómur af heim-



sókninni en nemendum fannst fróðlegt og áhugavert að fá að kynna starfsemi fangelsisins og skoða aðstöðuna með beinum hætti.

### Aðstaða til fyrirmyndar

Fangelsið á Hólmsheiði var opnað 10. Júní árið 2016, en þar er hægt að vista 56 fanga á fjórum sérdeildum. Öll aðstaða fyrir fanga í fangelsinu er til fyrirmyndar, svo sem tómtunda-aðstaða, líkamsræktaraðstaða og aðstaða fyrir vinnu og nám að sögn Böðvars. Garðar umhverfis fangelsið fyrir útivist eru stórir og góðir.

Verkefni í fangavinnu eru fjölbreytt og margvísleg og má þar meðal annars nefna hugmyndavinnu, hönnun og framleiðslu fyrir fyrirtækið Fangaverk.

Fangaverk er netverslun fyrir vörur sem framleiddar eru af fongum í fangelsum landsins. Vinnustaðir sem framleiða vörur eru hugsaðir sem hluti af grunnstarfi fangelsanna til þess að útvega vistmönnum störf á meðan fangavist stendur. Hægt er að kynna sér og versla vörur á fangaverk.is

RBG

## Bilakompaní

Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 515 5115

## BÍLARÉTTINGAR SÆVARS

Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 528 8888 • bilarettingar.is


HVERFISBLAÐIÐ

## Miðborg & Hlíðar

Auglýsingasími 568 8862

## Félagsútilega Landnema

Félagsútilega Landnema var haldin helgina 26.-28. apríl í skátaskálanum Skátafelli í Skorradal. Skátar á aldrinum 7-15 ára voru þar mættir ásamt foringjum sínum. Við komuna í Skorradal urðu skátarnir varir við dularfull hljóð frá Skorradalsvatni sem rekja mátti til Skorradalsormsins ógurlega, þannig að fyrsta verkefni helgarinnar var að hrekja hann á brott. Til þess þurftu skátarnir að leysa ýmsar þrautir og setja sérstakt ormatöfraduft á varðeld sem kveiktur hafði verið í fjörunni. Þegar því var lokið gátu skátarnir farið að einbeita sér að verkefnum helgarinnar en ýmislegt var í boði, svo sem ganga út að eyðibýlinu við Stóru- Drageyri, fjallanga, mataráhaldapokagerð, tálgun, leðurvinna, undirbúningur fyrir Landsmót skáta og vinabandagerð. Á laugardagskvöldinu var haldin kraftmikil kvöldvaka þar sem 11 skátar í félaginu voru sæmdir 5 ára starfsmerkínu, en þessir skátar hafa verið í skátastarfi í 5 ár. Það voru sælir en þreyttir skátar sem héldu heim á leið á sunnudeginum.



FARMASÍA  
APÓTEK  
SUÐURVERI

LÆGRA LYFJAVERÐ  
511 0200

VERIÐ VELKOMIN  
EINKAREKIÐ APÓTEK Í ALFARALEIÐ  
OPIÐ FRÁ ÁTTA TIL ÁTTA

Laugardaga frá 10:00-18:00  
Sunnudaga frá 13:00-18:00





Hetta og þrilembingarnir



Dokka og lambakóngur og lambadrottning

## Sauðburður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Ærin Dokka var fyrst á að bera í Laugardalnum í Reykjavík þetta vorið. Hún bar lambakóngi og lambadrottningu föstudaginn 10.maí. Konunglegu titlarnir fylgja gjarnan fyrstu lömbunum fæddum á hverjum bæ. Þegar þetta er ritað hafa bæst við tvær gimbrar undan Kylju og þrilembingar undan Hettu, einn hrútur og tvær gimbrar. Faðir allra lambanna er hrúturinn Jökull.

Um leið og ær hefur borið lambi sínu eða lömbum í heiminn tekur hún við að kara afkvæmin. Það þýðir að hún

sleikir slím og blóð af þeim og setur þar með lykt sína á lömbin. Ærin þekkir svo í framhaldinu lömbin sín á lyktinni. Lamb er 3-4 kg að þyngd þegar það kemur í heiminn eða álika þungt og nýfætt barn. Móðurhlutverkið fer ánum þremur vel en þær dvöldu fyrst um sinn á afmörkuðum svæðum í kindastiunni meðan þær mynduðu góð og sterk tengsl við lömbin.

Það er vinsælt meðal skólahópa að heimsækja garðinn í lok hvers skólaárs. Starfsfólk fræðsludeildar

býður upp á fróðleiksstundir um dýrin kl. 10:15 og 11:15 hvern virkan dag út grunnskólaárið. Hvaða dýr eru tekin fyrir í fróðleiksstundum fer eftir fjölda gesta, stemningu og veðri hverju sinni.

Í Fjölskyldugarðinum hefur starfsfólk verið í óða önn að undirbúa sumarið, dytta að og yfirfara leiktæki og svæði víða um garð. Mönnuðu leiktækin verða öll opin alla daga frá og með 1.júní

## Nýjar sumarvörur streyma inn



Við erum flutt á Dalveg 30 - 201 Kópavogi

**belladonna**

sími 517 6465 • www.belladonna.is

**GRETTIR**  
VATNSKASSAR

Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 6090

## Útskriftarsýning MA nema í myndlist

Rætur að rekja – hin örþunna iðilrót, útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands opnaði nýlega í Nýlistasafninu. Á sýningunni deila listamennirnir átta á persónulegan hátt með okkur hugmyndum sínum og skarpi sýn á samtímann með hliðsjón af hverfuleika, umbreytingamætti og hrynjandi lífsins á öllum tímum. Yfir komandi vikur munu nemendurnir bjóða til leiðsagna þar sem tveir þeirra munu segja frá og spjalla um verk sín í senn.

Fimmtudagurinn langi  
30. maí 20:00 - 20:40  
Camilla Ceroni og Galadriel González Romero

Sunnudaginn  
2. júní 17:00 - 17:40  
Jette Dalsgaard og Sunneva Ása Weisshappel

Miðvikudaga  
sunnudaga 17:30 - 17:45  
Gjömingur eftir Camilla Ceroni  
Skólastjóri Breiðagerðisskóla



**GRÆNA**  
STOFAN

Háaleitisbraut 68 • S: 552 1375 • graenastofan.is

## Velkomin í nýjan glæsilegan sýningarsal

í Stekkjarbakka 4-6

(ÁÐUR GARÐHEIMAR)



DIESEL.IS

578-5252 | Stekkjarbakki 4-6, 109 Rvk.



**MIKIL SALA!**  
Vantar allar gerðir bíla á skrá!



## Mikið um dýrðir á 30 ára afmæli Vitatorgs

Fullt var út úr dyrum í afmælisveislu Samfélagshússins Vitatorgi 19. apríl síðastliðinn þegar haldið var upp á þrjátíu ára afmæli hússins sem opnaði 19. apríl árið 1994. Vitatorgsbandið þandi nikkur og plokkaði strengi og Kvennakór Reykjavíkur tók nokkur lög í tilefni dagsins. Þá mætti Einar Þorsteinsson borgarstjóri og færði afmælisbarninu blóm-vönd og fór fyrir afmælissöngnum. Veislugestum var boðið upp á dásamlegar kræsingar eða hina viðfrægu Hressótertú, marsípanköku, snittur og flatkökur með hangikjöti. Það var mál manna að afmælisveislan hafi lukkast aldeilis vel.

Sannarlega hefur starfsemi Vitatorgs tekið breytingum frá því að það var í upphafi félagsmiðstöð aldraðra. Í dag iðar húsið af lífi alla virka daga og margvísleg starfsemi í gangi; svo sem skapandi námskeiðahald, félagsstarf af ýmsum toga, spilamennska, kaffisopi, vikulegur dansleikur, samvera og huggulegheit á þeim tíma sem húsið er opið, kl. 8:00-16:30. Þá hafa verið skipulagðar styttri ferðir frá Vitatorgi, á söfn, kaffihús eða annað.

Á Vitatorgi er hægt að kaupa sér hádegismat alla daga kl. 11:30-12:30, líka um helgar og á hátíðisdögum, og kaffiveitingar eru í boði virka daga kl. 14:30-15:30.

Samfélagshúsið Vitatorgi er öllum opið.



Hallgrímskirkja er opin alla daga vikunnar í sumar kl. 9-20.  
Turninn er opin milli kl. 9.-19.45.

Athugið breytta opnunartíma vegna athafna og viðburða. Frekari upplýsingar má finna á [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)



## HALLGRÍMSKIRKJA

TÓNLEIKAR VETUR & VOR 2024 | CONCERTS WINTER & SPRING 2024



### HÁDEGISTÓNLEIKAR | Matinée

PETR EBEN - Pilgrimur í völundarhúsi veraldar og í paradís tónlistarinnar

Lenka Mátéová *orgel* / organ

Hanna Dóra Sturludóttir *sópran* / soprano

Frank Aarnink *slagverk* / percussion

Laugardagur 1. júní kl. 12 | Saturday June 1st at 12 hrs.

Aðgangseyrir / Admission ISK 3.000



## Ljúfir tónar í Portfólíó

Sigurgeir Sigurjónsson bauð upp á gítarsnillingana Þórarinn Sigurbergsson og Pétur Valgarð Sigurðsson í Portfólíó Galleríi sem spiluðu klassíska gítartónlist eins og þeim einum er lagið. Nú stendur yfir ljósmyndasýning Sigurgeirs í Portfólíó á Hverfisgötu 71.





# HALTU ÁFRAM AÐ LÆRA

TAKTU  
ÁSKORUNUM

FINNDU FURÐUFUGLA

SKRÁÐU ÞIG Á NÁMSKEIÐ T.D. Í  
MÓDELTEIKNINGU EÐA MAGADANSI



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Reykjavík  
vellíðan fyrir alla



FIMM LEIÐIR AÐ VELLÍÐAN

HLÍF UNA



## REYKJAVÍKURBÓN

FIMM STJÖRNU EINKUNN



STEEKJARBAKKI 4 - 6 • 109 REYKJAVÍK

SÍMI 782 3330

reykjavikurbonstodin@gmail.com

Tímamantanir fyrir herraklippingar eru óþarfar!

# greiðan

HÁRSNYRTISTOFA

Greiðan Hársnyrtistofa • Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



## Þankar Jónu Rúnu



### Fíklar: hver eru bjargráðin?

Það er ýmislegt sem getur snert huga manns í gegnum lífið. Ef að aðstæður manns breytast, eins og til dæmis við veikindi eða fötlun, þá hugsar maður hlutina stundum upp á nýtt og á allt annan hátt en áður. Það er stutt síðan mál kom upp í fjölmiðlum sem snerti mig djúpt og ég hef hugsað mikið um. Þið hafið eflaust flest heyrt af þessu líka. Gígtarlæknirinn Árni Tómas Ragnarsson var sviptur læknaeyfi af landlækni fyrir að skrifa uppá morfinskyld lyf fyrir marga skjólstæðinga sína. Málið er að í þónokkurn tíma hefur Árni starfað með Frú Ragnheiði í því að þjónusta fólk sem á við mjög alvarlegan fíkniefnavanda að stríða. Þjónustan snýst aðallega um að vernda fólkið frá hættulegum aðstæðum, sinna almennu heilsufari þess, gefa þeim öruggan samastað og heilbrigðisþjónustu. Árni hefur skrifað upp á daglega skammta af morfinskyldum lyfjum fyrir margt af þessu fólki þannig að það geti fengið daglegan skammt af lyfinu án þess að sá skammtur sé banvænn eða blandaður einhverjum viðbjóði. Með þessu getur fólkið lifað mannsæmandi lífi án þess að verða fárveikt af fráhvörfum eða enda á götunni þar sem það þarf að harka fyrir næsta dópskammti og lendir í misnotkun og alls konar hræðilegri reynslu. Hér er í öllum tilvikum um að ræða einstaklinga sem eru mjög langt leiddir og margar meðferðir hafa ekki skilað árangri. Vandamálið er að kerfið gerir ekki ráð fyrir þessu og tæknilega séð er atferli Árna ekki leyfilegt. En hvað varð um almenna skynsemi? Er ekki betra að fólk fái þessa þjónustu, geti farið niðri í apótek og fengið sinn daglega skammt og þess á milli gert venjulega hluti eins og við hin? Verið inná heimilinu sínu, verið í betra sambandi við sína nánustu og þurfa ekki að selja sig eða brjótast inn til þess að fjármagna rándýr götueiturlyf sem geta þar að auki verið stórhættuleg? Ég ólst upp með tvo fíkla inná mínu heimili þannig að ég þekki órlítið til sem aðstandandi. Náinn ættingi minn náði aldrei árangri í sinni baráttu við fíkniefnadjöfulinn en bjó sín síðustu ár í Danmörku. Þar komst hann inn á sambyli þar sem boðið var upp á svipaða þjónustu og Árni hefur verið að gera. Fólk sem var langt leitt áfengissýki bjó í sinni íbúð og fékk skammtaðan pening daglega (með eigin samþykki) til þess að keypt væri ákveðið áfengismagn fyrir daginn. Þá varð fólkið ekki fárveikt af skjálfta og fráhvörfum en heldur ekki hætta á að það yrði út úr drukkni eða fengi áfengiseitrun. Auðvitað vitum við að daglega neysla á áfengi eða vímuefnum getur stýtt lífaldur og hefur slæm áhrif á heilsu. En að vera forfallinn fíkill úti á götunni stýttir lífið enn meira og ýtir undir glæpi og tengslarof við fjölskyldu. Ég vona að reglugerð hérlendis



verði breytt og sett verði upp prógrömm í svipuðum anda og það sem Árni hefur verið að gera. Það er til fólk sem meðferðir bara virka ekki á og þegar það er orðið svona langt leitt af fíknisjúkdómi getur þessi nálgun Árna verið sú langmannúðlegasta og best fyrir allt samfélagið. Árni er maður kominn hátt á áttæðisaldur og hann hefur lifað tímana tvenna. Hann veit hvað hann er að gera. Hann er að lina þjáningar og gefa fólki tækifæri á að lifa mannsæmandi lífi.

### Fuglalíf og vorið

Núna er skemmtilegur tími árs í gangi af því að vorið kveikir svo mikið líf. Fuglarnir eru á fullu að búa til hreiður og varp í gangi víða um landið. Þeir finna sér maka sem hjá sumum tegundum verða lífsförunautar. Það er fallegt. Við þurfum að sýna tillitssemi og vera varkár á þeim slóðum þar sem varp er í gangi. Ég var nú einlægur aðdáandi Tjarnarinnar í Reykjavík sem barn enda var fátt skemmtilegra en að fara þangað til að gefa öndunum brauð. Er til eitthvað sem er íslenskra en það? Það getur leynst ákveðin sálhjálp í því að fylgjast með fuglalífnum. Út um eldhúsgluggann minn sé ég smáfugla sem eru í óðaönn að finna sér hreiðurefni eins og mosa eða lítil sprek til þess að gera sér hreiður. Þvílíkur dugnaður. Við Húsdýragarðinn hafa líka nokkrar gæsir útbúið hreiður sem þær sitja á og það er aðdúmarvert hvað þær eru einbeittar í að klekja út eggjunum. Þær hreyfa sig ekki úr stað þótt maður nálgist þær en hvæsa að manni ef of nálægt er farið. Þetta kalla ég hugrekki og sterka móðurtílfínningu. Já, náttúran er falleg á vorin.

Jóna Rúna Kvaran  
www.jonaruna.com

Fallin er hjartans föla rós,  
frjáls kærleiksrik en dain.  
Vina vinur hinum lífsljós  
á vængjum, í nýheim, dain.  
Kraftatrú, en kært í tárin  
komu Drottins rósín dain.  
Kærleiks helið, hjartatárin.



Í harmi sorga, himinn nær  
helgur engill, sálin er nær.  
Hugargull, hjartalast nær  
hörpusál í sólstreng slær.  
Á veg vökuaugu eilífð nær  
vonleysi harmur sár óbær.  
Kærleiks engill, fagur nær.

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur hefur áhrif.” JRK



## ÓDÝR

gleraugu  
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn  
**19.900 kr.**  
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu  
**39.900 kr.**  
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

**Hamrahlíð 17**  
Hús Blindrafélagsins  
Sími • 552-2002

SIÓN TÆKIAVERSLUN

Matthías Johannessen



M-samtöl  
ÚRVAL

## Samtöl Matthíasar Johannessen í nýrri bók

Matthías Johannessen, ritstjóri Mbl. og skáld, skrifaði mörg samtöl við valinkunna einstaklinga í Morgunblaðið. Margt af því var venjulegt fólk. Aldraðir sjómenn. Hundrað ára konur í sveit. Hestamaður eða bóndi. Miðill eða kokkur. Málari eða flugstjóri. Aðrir voru þjóðþekktir. Steinn Steinarr. Halldór Laxness. Páll Ísólfsón. Kjarval. Sama hvort var – Matthías sýndi öllum virðingu og hver og einn fékk að njóta sín á sinn hátt.

Í þessari bók birtist úrval 30 samtala sem Matthías skrifaði, flest á árunum frá 1960-70. Tvö hafa aldrei birst áður á bók. Einstakt úrval, einstök bók.

**Einstakt úrval, einstök bók**



# STAFRAEN

## HÖNNUN



3D DESIGN



GAMES



VFX



ANIMATION



Tækniskólinn  
skóli atvinnulífsins





# Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur var haldinn 18. apríl sl í Spennistöðinni

Í skýrslu stjórnar sem formaður flutti var farið yfir starf Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR), núverandi stjórn þeirra og hverjir væru helstu samstarfsaðilar. Það eru Íbúaráð, samstarfshópur um málefni Miðborgar, Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins. Formaður fór næst yfir ályktanir síðasta aðalfundar um sörpmálin og bað Guðjón Óskarsson að fara yfir baráttuna við veggjakrotið. Guðjón sýndi krassandi myndir máli sínu til stuðnings og nefndi dæmi, sagði að krotið yrði aldrei stöðvað en orð Lögreglu-samþykktar Reykjavíkur væru skýr: Þetta er bannað. Formaður fór yfir ábendingar Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til borgaryfirvalda og frétt Morgunblaðsins um málið

Næst nefndi formaður viðbrögð ÍMR við hækkunum og lengingu bílastæðagjalda, framtíðaráform um Vörðuskóla sem verða kynnt í vor, flug, þar á meðal þyrluflug yfir miðborgina og akstur hópferðabifreiða um svæðið. SAF (Samtök ferðapjónustunnar) hafa boðað til fundar um það mál 2. maí nk. Fulltrúar ÍMR, Grænuborgar og Hallgrímskirkju munu mæta á þann fund. Hálkuvarnir bar næst á góma, en svo virðist sem umræða um þær séu farnar að skila árangri, því nokkrum sand- og saltkistum hefur verið komið fyrir í hverfinu. Formaður nefndi einnig hugmyndir um betrubætur á sorphirðunni.

Birna Eggertsdóttir, varaformaður fór yfir tálmanir á gangstéttum. Birna sagði í stuttu máli, að mikil óreiða ríkti á því sviði, borð, stólar og starfsfólk veitingastaða hindruðu umferð gangandi fólks, barnavagna



og hjólastóla og þvinguðu fólk út á götu, ef það ætlaði að komast leiðar sinnar. Hún nefndi borgir erlendis þar sem ástandið væri mun betra. Sama má segja um rafskutlur sem lagt er í óreiðu á ólíklegustu stöðum. Fundargestur skaut inn í, að sárlega vantaði almenningssamgöngur innan hverfisins, t.d. til og frá Hlíðarenda (Vallsvæðinu). Íbúasamtök þyrftu að beita sér í því máli.

Götuprifin á vorin sem eru einu götuprif ársins. Íbúar sýna samstarfsvilja og rýma stæðin svo hægt sé að þrifa þau, en þá koma aðrir og leggja í stæðin svo þrifin fara forgörðum. Mætti ekki láta draga þá bíla í burtu eða sekta eigendur þeirra? Næst nefndi Sigrún framgöngu Bílastæðasjóðs varðandi sektir og bann við því, að íbúar fengju að leggja bílum inni

á lóðum sínum. Pétur Hafþór kynnti fjölmennarlega hátíð ÍMR sem haldinn var í Spennistöðinni 4. mars sl. og hugmyndir á bak við þá hátíð. Ekki gafst tími til að ræða áform um breytingar á húsnæði, sem áður hýsti Bandaríska sendiráðið við Laufásveg, því skýrslu formanns fylgdu fjórlegar umræður þar sem margt bar á góma. Stjórn ÍMR 2024-2025

Stjórn samtakanna skipa: Sigrún Tryggvadóttir formaður, Birna Eggertsdóttir varaformaður, Guðjón Óskarsson gjaldkeri, Pétur Hafþór Jónsson ritari, Ásta Sól Kristjánsdóttir vararitari, Holberg Måsson og Guðmundur Ólafsson meðstjórnendur. Varamenn eru: Daniel Gauti Georgsson, Ragna Gestsdóttir, Gestur Guðjónsson og Edda Valtýsdóttir.

## Ályktanir á aðalfundi ÍMR – 18. apríl 2024

Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) skorar á Reykjavíkurborg að koma til móts við íbúa miðborgar varðandi íbúakort og bílastæðamál almennt. Íbúar sem búa á mörkum íbúakortasvæða geta átt erfið með að nýta sér íbúakort þar sem þau gilda aðeins innan eins svæðis. Heimila þarf íbúum slíkra svæða að leggja innan fleiri en eins svæðis, og/eða stækka svæðin Einnig þarf að heimila kaup á skammtímaíbúakorti vegna aðkeyptrar vinnu og fyrir gesti íbúa. Iðnaðarmenn sem eru með vinnustöð og nauðsynleg verkfæri í bílnum hika orðið við að taka að sér viðgerðir í heimahúsum í miðbænum vegna bílastæðakvaðanna og gestir hafa afboðað komur sínar vegna þeirra. Það þyrfti að kynna að það sé ódýrara að leggja í bílastæðahúsum svo að gestir leggi frekar þar en í íbúðargötum. <https://reykjavik.is/gjaldskrar/bilahusa>. Borið hefur á því að íbúar fái ekki stæði við heimili sín og þurfa þá að greiða fyrir not í bílastæðahúsi ásamt því að greiða fyrir íbúakort. Óskað er eftir að reglur um íbúakort verði endurskoðaðar og íbúum sýndur sveigjanleiki við að kaupa annað/viðbótar íbúakort á hverja íbúð./fasteign. <https://reykjavik.is/bilastaedi/reglur-um-ibuakort>

Mikill munur er líka á gjaldskyldu eftir íbúðagötum. Þannig er Grettisgatan, íbúðagata og skilgreind sem slík í skipulagi með P1 en næstu götur við, Njálsgata og Bergþórugata P2 og P3. Slíkt kallar eingöngu á togstreitu á milli íbúa og eðlilegra væri að sama gjald væri í öllum íbúðagötum.

Borgin hefur að undanfögnu byrjað að sekta húseigendur í miðborginni að því er virðist tilviljunarkennt, fyrir að leggja bílum sínum í stæði innan lóðarmarka. Þetta er gert á þeim forsendum að stæðið sé ekki viðurkennt skv. skipulagsuppdráttum og án leyfis borgarinnar. Þetta á gjarnan við um bílastæði þar sem fólk hefur lagt bílnum sínum árum og áratugum saman í góðri trú og án athugasemda borgarinnar. ÍMR óska eftir samtali við borgaryfirvöld um skjótar úrbætur.

Aðalfundur Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) skorar á Reykjavíkurborg að efla sörpþjónustu í miðborginni. Rusl liggur víða á opnum svæðum og það er algengt að sjá yfirfullar sörpunnur, t.d. við hinar fjölmörgu Airbnb-íbúðir hverfisins. Því fylgir rottugangur, sjónmengun, sóðaskapur, ólykt, og ásókn máva, sem allt veldur gestum og íbúum þungum áhyggjum. Þetta ófremdarastand er algerlega óviðunandi fyrir íbúa hverfisins og alls ekki fögur sjón fyrir hina fjölmörgu ferðamenn sem dvelja í miðbænum. Það myndi bæta ástandið ef pappírs- og plastgámarnir sem voru á grenndarstöðvunum yrðu settir aftur á stöðvarnar. Þá hafa íbúar tækifæri til að losa sig við ruslið sem kemst ekki í tunnurnar heima fyrir án þess að þurfa að ferðast með ruslið á næstu móttökustöð. ÍMR hafa verið í viðræðum við borgaryfirvöld um að þar sem aðstæður leyfa verði ruslatunnur heim við hús fjarlægðar en djúpgámum komið upp við samliggjandi lóðir í staðinn. ÍMR treystir því að þeirri vinnu verði hraðað og óska eftir samtali við borgaryfirvöld um skjótar úrbætur í sörpmálum almennt. Mikilvægt er að bæta úr því ófremdarastandi sem nú ríkir í sörpmálum í miðborginni sem allra fyrst.



## ÚTILÍFSSKÓLI SKÁTA

Sumarnámskeið fyrir 8-12 ára krakka í Reykjavík



**SUMARNÁMSKEIÐ Í ÚTILÍFSSKÓLANUM ERU AÐ HEFJAST! FRÁBÆR NÁMSKEIÐ MEÐ FJÖLBREYTTA DAGSKRÁ ÚTI Í NÁTTÚRUNNI.**



**SKRÁNING OG FREKARI UPPLÝSINGAR Á UTILÍFSSKOLI.IS**

**GARÐBÚAR Í BÚSTAÐARHVERFINU LANDNEMAR Í HLÍÐUNUM SKJÖLDUNGAR Í LAUGARDALNUM**



Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur eru langþreytt á aðgerðarleysi borgarinnar vegna vaxandi skaðsemi veggjakrots. Það er áberandi lýti á miðborginni sem ber fyrir augu íbúa og ferðamanna alltof víða. Veggjakrotið skemmir eigur íbúa og stofnanna og varðar við lög <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html>. Kostnaður við hreinsun er verulegur og stundum illgerlegt að þrifa. Reykjavíkurborg þrífur aðeins krot af eignum borgarinnar, sjá síðu <https://reykjavik.is/veggjakrot>. Hér áður fyrr hafði borgin verktaka á sínum snærum sem þreif krotið af veggjum og girðingum eigendum að kostnaðarlausu en eigendur greiddu fyrir málningu og efnu. Svo er ekki lengur, heldur er aðeins boðið upp á ráðgjöf við fyrstu hreinsun, sjá hlekk að ofan. Þetta úrræði dugur ekki þeim íbúum miðborgarinnar sem mest verða fyrir barðinu á þessum skemmdarverkum. Það hefur sýnt sig að besta leiðin til að draga úr þessum sóðaskapi er að fjarlægja krotið strax en það getur reynst kostnaðarsamt ef skemmdarvargarnir endurtaka leikinn óáreittir og í sífellu.



# Nýja hverfið við Laugardalinn

Á Orkureitnum er vandað til verka í hverju smáatriði að innan sem utan, með vellíðan íbúa að leiðarljósi. Hönnun, gæði og snjallar lausnir miða að því að skapa falleg og vönduð heimili í eftirsóknarverðu hverfi.



#### Fjárfesting með betri samvisku

Markmiðið er að íbúðirnar verði Svansvottaðar og því engin skaðleg efni notuð í byggingarferlinu, sem tryggir heilsusamlegri innivist. Reiturinn hefur þegar hlotið alþjóðlegu umhverfsvottunina Breeam Excellent.



#### Rut Kára leggur línur innanhúss

Rut stýrir fagaðri hönnun innréttinga og leggur línur í lýsingu og litavali innan íbúða og í sameign, svo úr verður falleg heildarmynd í hverri byggingu. Þá munu snjallar lausnir í loftskiptum íbúða hafa jákvæð áhrif á daglegt líf.



#### Inngarðar að evrópskri fyrirmynd

Fallegir inngarðar flæða yfir í sameiginlegt svæði með tjörn og villtum gróðri, sem brýtur upp borgarlandslagið. Blágrænar ofanvatnslausnir setja svip á svæðið, en þær ganga út á að nýta ofanvatn með náttúrulegum hætti.

**Tryggðu þér íbúð á þessum eftirsóttasta stað!**

[orkureiturinn.is](http://orkureiturinn.is)





## Geysisdagurinn er 15. júní

Laugardaginn 15. júní kl. 11 til 15 verður Geysisdagurinn haldinn hátíðlegur í ellefta sinn. Styrkarfélag Klúbbsins Geysis stendur fyrir deginum en Klúbburinn er fyrir fólk sem á eða hefur átt við geðræn veikindi að stríða. Klúbburinn starfar eftir hugmyndafræði Clubhouse International sem byggir á því að efla hæfileika og styrk einstaklingsins. Með því að gefa hverjum og einum tækifæri til að nýta sínar sterku hliðar þjálfast viðkomandi til fjölbreyttrar þátttöku í samfélaginu.

Geysisdagurinn er skemmti- og fjölskyldudagur, karnivalstemning og fjör; fatamarkaður, pylsugrill, kaffi og veitingar og 92 metra ÖRÐON. Örþonið er hlaup/ganga með frjálsri aðferð með þátttöku félaga, íbúa, fyrirtækja og gesta. Þetta er litskrúðug keppni og geta þátttakendur geta til dæmis mætt í búningum. Dömnefnd mun dæma búninga, hlaupastíl og frumleika og veita verðlaun. Þátttökugjald er 1.500 kr. En fritt er fyrir félaga í Geysi og börn innan 12 ára. Athygli er vakin á því að á meðan örþonið fer fram verður

götunni lokað frá kl. 13 til 14 en klúbburinn er staðsettur að Skipholti 29. Þar fer Geysisdagurinn fram, bæði úti og inni.

Hátíðin er haldin til styrktar Klúbbum Geysi og í boði eru fjölbreytt tónlistar- og skemmtiatriði. Meðal skemmtikrafta má nefna Bjössa Thor, Stefaniú Svavars, Björgvin Franz, Ársæl Rafn Erlingsson uppistandara, og Geysisbandið sem samanstendur af fólögum og starfsfólki.

Vikan fyrir Geysisdaginn kallast Heilsuvika. Þá fær Klúbburinn Geysi til sín fólk til að elda, halda fyrirlestur og fleira. Á mánudeginum 10. maí kl. 11 kemur Helgi Jean og kennir viðstöddum að elda Andlega hamborgara. Lars Óli Jessen frá Heilsuklasanum mætir á þriðjudeginum kl. 13:30 og hreyfir við fólk. Á miðvikudeginum kemur svo Ebba Guðný kl. 11 og kennir nýja nálgun í eldhúsinu. Á fimmtudeginum kemur Vigdís Jack í heimsókn og heldur fyrirlestur.

Verið velkomin og gleðjumst saman.



„Garðahlynurinn á horni Suðurgötu og Vonarstrætis er með þekktari trjáborgarinnar.“

## Veist þú um Hverfistré Miðborgar og Hlíða 2024?

Tré í borgum hafa mikil og góð áhrif á umhverfið og líf borgarbúa. Þau skapa skjól, draga úr mengun, eru búsvæði fugla og skordýra og gera umhverfið fallegra og skemmtilegra. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á bein og mælanleg tengsl milli trjágróðurs í borgum og betri heilsu.

Þótt trjárækt í Reykjavík eigi sér tiltölulega stutta sögu, eru þar mörg merkileg tré, fallegar trjáraðir og lundir. Í borginni má finna aldargömul tré með fróðlega sögu. Í sumum hverfum og einstökum götum eru ákveðnar tegundir áberandi — oft reynitré, birki eða aspir. Það getur verið vegna þess hvað var í boði á þeim tíma eða eiginleika trjánna og samspils þeirra við umhverfið. Þá má víða finna óvenjuleg tré, sem oft þrífast betur en margur hefði haldið. Til að mynda álmur, askur, hrossakastaniur, fjallapínur og eik.

Í sumar mun Skógræktarfélag Reykjavíkur útnefna Hverfistré Reykjavíkur 2024, í tíu hverfum borgarinnar. Óskað er eftir tilnefningum frá íbúum og áhugafólki. Valið verður

úr tilnefningunum og fá eigendur trjánna viðurkenningarskjöl með stuttum umfjöllunum um Hverfistré hvers hverfis, þann 25. ágúst 2024. Önnur glæsileg eða athyglisverð tré verða skráð sérstaklega og þannig stutt við skrásetningu merkilegra trjáa í borginni.

Hægt er að tilnefna einstaka tré, runna, trjáraðir eða lundi. Ástæður fyrir tilnefningu geta verið margskonar. Til dæmis að tréð eigi sér merkilega sögu eða að ákveðin trjáröð sé einkennandi fyrir hverfið. Þá

getur verið að gróðurinn veiti gott skjól eða að tré laði að mikið fuglalíf eða að trjálundur sé góður samkomustaður fyrir fólk í hverfinu. Sum tré eru frábær til að klifra í, önnur óvenjuleg og enn önnur bara sérlega falleg.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hvetur fólk til að senda inn tilnefningar á Hverfistré Reykjavíkur 2024, á heidmork@heidmork.is. Tekið er við tilnefningum til loka júlí.



✓ Smur- og hjólbarðapjónusta  
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA  
- SAMNINGAR  
VIÐ ÖLL HELSTU  
BÍLAUMBOD



**Smurstöðin**  
**KLÖPP**

Við Vegmúla • Sími 553 0440  
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18  
föstudaga 8-16



ÞÚ FÆRÐ KÖKU FYRIR ÖLL  
TILEFNI HJÁ OKKUR!

MOSFELLSBAKARI.IS

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60



# Alpýðuhugrækt - Fyrirstöður



Hvers kyns agnár geta verið til staðar í vitund okkar varðandi ákveðna atburðarás eða atvik, ekkert síður en gagnvart ákveðnum samskiptum eða tilfinningum. Ekkert okkar er óskeikult og það væri synd að segja að okkur tækist allraf að sjá við okkur sjálfum. Sér í lagi á það við ef við sjálf setjum okkur stólinn fyrir dyrnar í málum sem gætu fengið farsælan endi ef við gæfum eftir á réttum stöðum í tilvikum þar sem tilslakanir eru mikilvægar.

Einn flötur fyrirstöðu sem við þekkjum flest er þegar aðrir og jafnvel ókunnugir verða eins og tálmar á leið okkar að fyrirfram ákveðnum markmiðum. Sum okkar gefast hreinlega upp við fyrstu augljósu hindrunina sem á vegi okkar verður og draga sig í hlé, sár og svekkt. Oftast er það vegna þess að einhver ófyrirleitinn og fylginn sér á ástæðu til að verða eins og þröskuldur í vegi fyrir því sem við

höfðum hugsað okkur að gera eða framkvæma. Það er alls ekki rétt að láta viðstöðu annarra, sem kannski er byggð uppá röngum eða óheilla-vænlegum ástæðum, gera okkur vondöpur eða máttlítil. Fremur ættum við sem oftast að ígrunda af kostgæfni alla meinbugi á viðhorfum okkar til okkar sjálfra og annarra. Raunsæi er mikilvægt í öllum málum því það er líklegt til að koma okkur auðveldlega yfir flestar þær fyrirstöður sem á vegi okkar verða. Ágætt er að við venjum okkur á að nota skynsemina og leggjum öll mál rólega niður fyrir okkur og vinnum síðan skipulega að góðri niðurstöðu.

Best er að kunna skil á aðalatriðum flestra hluta. Við þurfum að finna okkur knúin til að kryfja til mergjar allt það sem hendir okkur og okkur þykir t.d. bera í kjarna sínum einhvers konar dragbit sem hægt væri með vinnusemi og langlundargeði

að vinna bug á. Það segir sig sjálf að það hljóta að verða til fyrirstöður í einhverjum tilvikum tengdum markmiðum okkar og þrám. Eitthvað sem ekki er hægt að sjá fyrir og við verðum að vinna á, hægt og bítandi, ef við höfum áhuga á farsælum endi þrátt fyrir að ákveðin andstaða sé viðloðandi allan tímann sem framkvæmdin eða samskiptin standa yfir.

Það er jákænt að hafa löngun til að ná góðum og glæsilegum árangri í sem flestum málum. Hyggilegt er að átta sig á því að í allri uppbyggingu eru einhverjar þær hindarnir í gangi sem mögulega má vinna bug á ef vilji, vit og trú eru samhæfð. Það er enginn vandi að þvælast óviturlega fyrir sjálfum sér og öðrum ef við kjósum það. Aftur á móti getur verið erfitt að vera uppörvandi við sjálfan sig og aðra ef eitthvað mótdrægt og hindrandi er viðloðandi.

Ágætt er að við upprætum allan ótta vonbrigða innra með okkur og látum fremur jásama og vitlæga hvatningu reka okkur áfram í átt að markmiðum okkar en neisama og nóturlega. Einkum á það við ef við kjósum að vinna til sigurs í flestum aðstæðum okkar og athöfnum.



Jóna Rúna Kvaran  
www.jonaruna.com

„Ómótstæðileg.“  
Katie Fforde

Julie Caplin  
Litla bakarið í Brooklyn  
„Ómótstæðileg.“  
Katie Fforde

Ugla [www.ugloutgafa.is](http://www.ugloutgafa.is)

HVERFISBLADID  
Miðborg & Hlíðar Auglýsingasími 568 8862

## Sótt tilboð



6.390 kr.

Stór pizza og hvítlauksbrauð 15" pizza af matseðliog 15" margarita eða hvítlauksbrauð



6.490 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, 12" hvítlauksbrauð, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos



2.990 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum

## Heimsendingartilboð



5.590 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos



6.390 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos

## Hádegis tilboð



2.490 kr.

12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.290 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos


Þantaðu á netinu á **castello.is** eða í síma 577 3333



Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu

Castello pizzeria • Lágmúla 7 • Dalvegi 2 • Dalshrauni 13



	krossgátugerð: Bjarni Simi: 845 2510			maður	tröll	eldstæði	tuggðar			æst	fjarg- viðrast	hryllir
	→									eins um a dularfullar		
		deiga komast							ákafa			
Teikning: Hallgrímur Andrésen eftirprentun bóttuð.	↓	sæmdin	hækkun			tötrar						
passa				álpast sæl						3		matast
áverki			dreitill karldýr			ummerki					stafur	
ilátið					hverfa mykju			6			mjólkur- áfurðir	spilið
kona			borðandi						vanka þoka			
		huglausar keyrir		10			smokraðist		án afláts klukka			peð
gras				2 eins húrraði		farid maður						
2 eins		nefgöng		9	angan				nef röð			
romsa					2 eins	árfeður				drupu	2	yti
málmí						ruður					einnig sperra	
		snjöll							planta			skassið
sprikli	5				trufla	líkams- hluti		2 eins fíklar		snösín peningar		
	styrkja	gramsa krafis					vefnaður fjöll				kona	
þoka			samning							hverfur		
fjörð						krafsar						nibba 4
kusk			slabb		11				7	utandyra		
pirraða			1			votri			8		utan	

## Bónorðin tíu



Grínsaga beint úr nútímanum:  
„Ein fyndnasta og skemmtilegasta bók sem ég hef lesið.“  
- Laddi.

Tindur  
Bókautgáfa



	F	R	E	K	N	O	T	T	E			
	E	R	T	A	M	O	T	A	R			
	Þ	N	U	M	I	N	K	N				
	U	N	A	Ð	N	Ó	K	U				
	Í	R	A	R	A	G	N	I	Ð			
	O	S	Ú	R	A	L	A	L				
	S	L	U	R	K	R	Ó	L	A			
	M	U	N	E	L	I	N	A	S	K		
	E	N	G	I	L	S	O	R	K	A	N	
	K	A	U	N	S	T	A	F	A	R	A	
	B	Ú	R	N	R	A	N	A	R	K		
	Ú	R	T	A	N	N	A	R	A	I	N	
	X	I	T	I	N	N	M	N				
	U	N	G	A	R	G	E	G	J	A	S	T
	M	U	N	A	G	G	O	T	A			
	Æ	T	A	N	J	Ó	Ð	I	N	U		
	S	E	F	U	R	V	A	L	N	Æ	G	
	S	L	A	G	T	A	N	A	N	M		

Lausnarorð: M J Ú K A R V A R I R

- Gjafakort frá Göngugreiningu, Lág múla 4 - Ólafur Þorvaldsson
- Gjafakort frá Grænustofunni Austurvegi - Sigurlaug Magnúsdóttir
- Satanskjafar, bók frá Uglu - Hildur Jónsdóttir
- Yfirbót, bók frá Uglu - Herdís Gunnlaugsdóttir
- Gröf & Vinnuvélar, bók frá Óðinsauga - Júlíus ágúst Guðmundsson
- Ískútur frá Skúbb, Laugarásveg 1 - Hafdís Hafsteinsdóttir
- Happaþrenna HHÍ - Sigríður Lindal Karlsdóttir

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

## VERÐLAUNAKROSSGÁTA HVERFABLAÐANNA

1. verðlaun - Gjafakort frá Kjúklingastaðnum Suðurverri
2. verðlaun - Bónorðin tíu, bók frá Tindi
3. verðlaun - Grimmyndi, bók frá Uglu
4. verðlaun - M-samtöl, úrval, bók frá Tindi
5. verðlaun - Ískútur frá Skúbb, Laugarásvegi 1
6. verðlaun - Aðgangur að Bygðasafni Árnesinga
7. verðlaun - Happaþrenna HHÍ

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Verðlaunakrossgáta Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík



Dregið verður úr réttum lausnum 20. júní

Nafn: .....

Heimili: .....

Kennitala: .....

Símanúmer: .....



Kjúklingastaðurinn  
★ Suðurverri ★

Við  
erum  
hér!



Kjúklingur

## VINSÆLT Á MATSEÐLI



Nr. 26

Platinum borgari með krispy bringu, kartöfluskífu, káli, papríku, pipar-majó og frönskum



Nr. 28

Hálfur kjúklingur með frönskum og brúnni sósu



# Sumarið í miðborginni!

Sumarið er alveg örugglega á næsta leiti þegar borgarbúar verða fyrir óvæntu stefnumóti við listgyðjuna á ferðum sínum um miðborgina.

Nú hafa Listhópar- og Götuleikhús Hins Húsins tekið til starfa og setja þeir ávallt mikinn svip á borgarlífið. Í ár starfa 12 Listhópar að afar fjölbreyttum og metnaðarfullum verkefnum ásamt Götuleikhúsi Hins Húsins á vegum Reykjavíkurborgar. Borgarbúar geta gengið að þeim vísum á sameiginlegum uppákomum á Föstudagsfíðrildum þann 7. og 28. júní í miðborginni frá kl.12:00.-14:00. Einnig munu hóparnir gleðja mann og annan á hátíðarhöldunum á 17.júní og síðan verða þeir með Vængjaslátt síðustu sameiginlegu uppákomuna í miðborginni þann 11. júlí frá kl.16-18

Hitt Húsið er miðstöð ungs fólks á aldrinum 16-25 ára. Meðal fjölmargra verkefna þar eru Listhópar Hins Húsins sem starfræktir eru yfir sumartímann og eru löngu orðnir ómissandi partur af iðandi sumarlífi Reykjavíkur. Ungu fólki gefst kostur á að sækja um og koma með hugmyndir að skapandi verkefnum og valdir einstaklingar fá síðan tækifæri



til að vinna að list sinni í átta vikur. Mikið af ungu og efnilegu listafólki stígur sín fyrstu skref á listabrautinni með starfi sínu

í Listhópum og er um að gera að missa ekki af sameiginlegu uppákomum þeirra í sumar.



Daði Guðbjörnsson

## Léttleiki andans

Í ár fagnar Daði Guðbjörnsson 70 ára afmæli og af því tilefni opnaði sýning á 70 verkum listamannsins laugardaginn 25. maí í Galleri Fold. Daði á farsælan og afkastamikinn feril að baki sem spannar yfir 40 ár. Á sýningunni gefur að líta fjölda olíuverka ásamt vatnslitaverkum. Öll verkin eru unnin frá árinu 2000 til dagsins í dag og mörg þeirra hafa ekki verið sýnd áður.

Daði steig fram á sjónarsviðið í upphafi níunda áratugarins og tilheyrði hópi ungra listamanna sem endurvakti tilvist málverksins, á nýjum forsendum, með hreyfingu kennda við nýja málverkið. Eigin viðfangsefni og tjáningarform listamanna tóku völdin og hefðbundnar aðferðir viku til hlíðar. Á fyrsta

áratug þessarar aldar festi Daði sig í sessi sem einn af forvígsmönnum um endurkomu hins hreina figúratíva málverks eins og segir í Íslenskri Listasögu. Höfuðeinkenni Daða birtust snemma á ferlinum með öflugri litanotkun og spiralförum. Tákmyndir sem vísa í aðra heima tengir sjálfsprottíð sköpunarferli listamannsins í óráðið samhengi fantasíu við umheiminn. Frá upphafi hefur léttleiki og gleði einkennt verk hans þar sem náttúrulegur dans spiralforma dregur áhorfandann á draumkenndan stað.

Sýningunni í Fold lýkur 22. júní en ástæða er til að vekja einnig athygli á yfirlitssýningu Daða á Mokka, Nýja gamla góða málverkið en henni lýkur 19. júní.

# NEXUS IS MYNDASÖGUR

Landsins stærsta úrval af vestrænum & asískum myndasögum finnur þú í Nexus!

**Funko POP!**  
RISA ÚRVAL AF POP-FÍGÚRUM FÆST Í NEXUS!

**VERÐ FRÁ 2.799 kr. stk.**

**MARVEL**

**DC**

**SHONEN**

**DARK HORSE COMICS**

**image**

**NEXUS Spilasalur**

**GAMES WORKSHOP**

**WARHAMMER 40,000**

**WARHAMMER AGE OF SIGMAR**

**NEXUS**

TVÆR VERSLANIR...

GLÆSIBÆR 104 Rvk. 552 9011

KRINGLAN 103 Rvk. 552 9012

Spilamót og málun í **WARHAMMER** alla laugardaga! Dagskrá má finna á facebooksíðu 'Warhammer á Íslandi'.



## ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

Veldu öruggt start með **TUDOR**

**MEÐ TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Traust og fagleg þjónusta • NÝTT: Vefverslun [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR** **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



## Listahátíð hefst á laugardag

Listahátíð í Reykjavík hefst laugardaginn 1. júní og að venju verður margt um að vera á opunardegri Listahátíðarinnar. Opnuð verður fyrsta einkasýning Jónsa í Sigur Rós í Evrópu í Listasafni Reykjavíkur kl. 14. Verk Jónsa eru hvert um sig heill heimur þar sem rými, hljóð, ljós og ilmur mynda órofa heild. Náttúran er í öndvegi, allt í senn sem viðfangsefni og efniviður. Jónsi sækir hughrif í ferli eins og sjávarföll og veðrun en einnig í öndun og flæði líkamans.

Kl. 15 birtast ótrúlegar kynjaverur í kringum höfnina í Reykjavík þegar sirkuslistahópurinn Hringleikur og leikgervastúdíóið Pilkington Props taka höndum saman í nýju, íslensku götuleikhúsverki fyrir alla fjölskylduna. Er sækrimslí úr þjóðsögum okkar komin fram í dagsljósið og hvaða skilaboð færa þau okkur? Sæskrimslin láta ekki staðar numið eftir opunarhátíðina heldur munu þau halda áfram ferð sinni um landið

og koma við á fjórum stöðum til viðbótar.


Nýtt, hrifandi verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur mun flæða um Hörpu í flutningi Sinfóniuhljómsveitar Íslands á opunarhátíð Listahátíðar. Í METAXIS leikur sjálft tónlistarhúsið burðarhlutverk en verkið er innsetning fyrir tvístraða hljómsveit og rými. Ólíkir hljóðfærahópar úr Sinfóniunni koma sér fyrir viðsvegar um húsið og áheyrendum gefst einstakt færi á að ganga um rýmið, kanna tónlistina og finna hvernig upplifunin breytist við hvert fótmál. Þannig skapast persónulegt samband hvers og eins við þetta nýjasta verk eins fremsta samtímatónskálds okkar. Hljóðheimur METAXIS er margslunginn og óvæntur rétt eins og húsið sem hann leikur um. Verkið verður flutt í tvígang, kl. 16 og kl 17.

Sópransöngkonan Lise Davidsen - sem New York Times kallaði „rödd

aldarinnar“ - kemur svo fram í Eldborg kl. 20:00. Þessi einstaka tónlistarkona sem ekki sá óperu fyrr en hún var tvítug er í dag að springa út sem ein af stórstjörnum klassískrar tónlistar og hefur hrifið hlustendur viðsvegar um heim með blæbrigðaríkri og kraftmikilli rödd sinni. Í tónlistartímaritinu Gramophone var Davidsen lýst sem einhverjum hæfileikaríkasta söngvara sem fram hefur komið áratugum saman.

Listahátíð er allsherjar veisla fyrir skilningarvitin með tónleikum, dansi, leiklist, myndlist og öðrum listgjörningum og lýkur á tónleikum Jacobs Collier í Eldborg þann 16. júní. Hægt að kynna sér dagskrána á vef hátíðarinnar, [listahatid.is](http://listahatid.is). Klúbbur Listahátíðar opnar einnig í Iðnó þar sem má finna fjölbreytta dagskrá alla daga hátíðarinnar.

Ókypis er á alla viðburði í Klúbbnum. Öll velkomin!



## Listahátíð í Reykjavík

### Reykjavik Arts Festival

1.–16. júní 2024

## GÖNGUGREINING

Finnur þú fyrir verkjum í stoðkerfinu?

- Reynslumesta starfsfólkið
- Notum besta búnað sem völ er á
- Tæknileg innlegg fyrir alla skó

Tímabókanir í síma 481-1000  
eða kíktu á  
[www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)



Kíktu til okkar í Lágmúla 4

◀ HVERFISBLAÐIÐ ▶

## Miðborg & Hlíðar

Auglýsingasími 568 8862

## NÝTT Á ÍSLANDI...

Hágæða náttúrulegar hárvörur frá TANINO sem vernda og styrkja hárið eru komnar í sölu á vefnum okkar - [scala.is](http://scala.is)

Þú getur líka kíkt við hjá okkur að Lágmúla 5.



**Scala**  
HAIR & MAKEUP

LÁGMÚLA 5  
108 REYKJAVÍK | 553 1033

TANINO  
THERAPY



PANTABU TÍMA



[noona.is/scala](http://noona.is/scala)

[fb.com/scala.hair](https://fb.com/scala.hair)

[www.scala.is](http://www.scala.is)





## Breytingar hjá Strætó

Framundan eru stórar breytingar á leiðakerfi Strætó vegna framkvæmda Reykjavíkurborgar við Hlemm og mun svæðið taka stakkaskiptum á næstu árum í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið. Breytingarnar munu hafa áhrif á akstur Strætó og mun allur akstur Strætó um svæðið víkja tímabundið og nýjar endastöðvar verða teknar í notkun. Nýtt Hlemmtorg verður skapað og akandi umferð beint frá torgsvæðinu. Borgarlínu innviðir verða byggðir í gegnum svæðið norðanvert. Framkvæmdir við torgið sjálf eiga að hefjast vorið 2024 og mun þá Strætó þurfa að hætta alfaríð akstri um svæðið.



Fyrst um sinn munu almennar strætóleiðir nýta Borgarlínu innviðina í gegnum Hlemmtorg. Einnig munu strætóleiðir aka norður/suður um Snorrabraut. Þegar framkvæmdum við fyrstu lotu Borgarlínunnar er lokið munu fjórar leiðir aka í gegnum torgið, þ.m.t. Borgarlínuleið B. Engin leið verður með endastöð við Hlemm og engin miðlæg endastöð verður í framtíðinni.

### Akstursleiðir og endastöðvar færast

Endastöðvar leiða 1, 2, 3, 4, 6, 16, 17 og 18 færast frá Hlemmi að Skúlagötu, Granda og HÍ. Allar leiðir hætta að aka um Hlemm-

torg og munu í staðinn aka hjáleiðir. Gerðar verða nýjar stöðvar við Snorrabraut og Borgartún og stöð við Þjóðskjalasafnið færð.

### Nýjar tímabundnar endastöðvar

Leið 3 mun vera með endastöð við Granda en sú endastöð er þegar til. Leiðir 1, 4, 16, 17 og 18 munu verða með tímabundna endastöð við Skúlagötu sem verður ný endastöð. Leiðir 2 og 6 verða með tímabundna endastöð við Háskóla Íslands sem er ný endastöð.

### Breytingar á leiðum

Leið 1 endar við Skúlagötu í staðinn fyrir Hlemm  
Leið 2 endar við HÍ í staðinn fyrir Hlemm  
Leið 3 endar út á Granda – líkt og Borgarlínuleið C mun gera sem kemur einnig úr Breiðholti  
Leiðin mun nýta endastöð með leið 14 sem endar út á Granda í dag  
Leið 4 endar við Skúlagötu í staðinn fyrir Hlemm  
Leið 6 ekur Snorrabraut – Hverfisgötu og endar við HÍ  
Leið 11 mun aka Flókagötu í stað Háteigsvegur og Rauðarárstígs  
Leið 12  
Leið 13 mun aka Snorrabraut í stað Rauðarárstígs  
Leiðir 5 og 15 aka Borgartún í stað þess að aka í gegnum Hlemm  
Leið 16 endar við Skúlagötu í staðinn fyrir Hlemm  
Leið 17 endar við Skúlagötu í staðinn fyrir Hlemm  
Leið 18 endar við Skúlagötu í staðinn fyrir Hlemm

Athugið að eina biðstöðin sem dettur út er biðstöðin Hlemmur. Biðstöðvar sem bætast við: Rjúgrauðsgerðin og Höfðatorg, Hlemmur dettur út  
Hægt er að senda ábendingar vegna breytinganna á ábendingavef Strætó



## 17. júní 2024

### 80 ára afmæli lýðveldisins

Íslenska lýðveldið var stofnað á Þingvöllum þann 17. júní 1944 og fagnar því 80 ára afmæli á árinu. Við skipulagningu á 17 júní hafa verkefnastjórnar Reykjavíkurborgar lagt mikla áhersla á að höfða til sem flestra hópa. Töluverð áhersla er tildæmis lögð á fjölmenningu en einnig er sérstaklega horft til þátttöku barna og ungs fólks.

Fyrst má nefn að nýstúdentar leggja blómsveig við stytta Jóns Sigurðssonar og ungskátar gegna stóru hlutverki allan daginn. Í aðdraganda 17. júní þá vinnum við þétt með Hinu húsinu og ungu fólki sem skipar skapandi listhópa og götuleikhúsinu.

Á 17. júní ár hvert er haldin skrudganga frá Hallgrímskirkju niður í Hljómskálagarð til að fagna þjóðhátíðardeginum. Skrudgangan á 17. júní er hefðbundin og mikilvægur hluti af hátíðarhöldunum á þjóðhátíðardaginn. Þar leiðir lúðrasveitin skrudgönguna og taka ýmsir aðilar þátt í að glæða hana lífi t.d. sirkuslistafólkið í Hringleik, Götuleikhúsið í Reykjavík, dansarar og margir fleiri. Svo sameinast íbúar borgarinnar göngunni og fylgja henni í Hljómskálagarðinn.

Skátar taka þátt í skrudgöngunni og einnig hópar skapandi hópar Hins Hússins og götuleikhúss Hins Hússins. Þar gefst ungu listafólki tækifæri til að koma list sinni á framfæri og svo útbýr götuleikhúsið sérstakt atriði fyrir þennan dag.

Í Hljómskálagarðinum er dagskrá allan daginn sem á sérstaklega að höfða til barna og þar fara fram stórtónleikar þar sem fjölmargir ungir listamenn koma fram, meðal annars er hefð fyrir því að þar komi fram sigurvegarar Músíktilrauna það árið.

**fá** | FJÖLBRAUTASKÓLINN  
VIÐ ÁRMÚLA

# FJARNÁM

Nýttu tímann vel og stundaðu fjarnám í FÁ.  
Skráning á sumarönn stendur yfir,  
kennsla hefst 6. júní

Skráning á [fa.is](http://fa.is)





# *Sumarið* er komið!

Þá viltu vera hjá TM



**TM**